



**HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS
OG HNAPPADALSSÝSLU**

Stofnað 1922

EFNISYFIRLIT

Saga HSH.....	4
Aðildarfélög HSH	6
UMF. Grundarfjarðar	6
UMF. Víkingur/Reynir	6
UMF. Snæfell.....	6
UMF. Staðarsveitar	7
UMF. Eldborg	7
Íþróttafélagið Miklaholtshreppi	7
Golfklúbburinn Jökull	8
Golfklúbbur Staðarsveitar	8
Golfklúbburinn Vestarr	8
Golfklúbburinn Mostri	9
Hestamannafélagið Snæfellingur	9
Skotfélag Snæfellsness.....	9
Skipulag íþróttahéraðs	10
Hlutverk stjórnar og starfsmanna.....	11
Skipun stjórnar, hlutverk og vinnureglur	11
Fjármálastjórn	14
Formannafundir HSH.....	14
Lög HSH	15
Stefna HSH	21
Fræðslu- og forvarnarstefna HSH.....	21
Félagsmálastefna HSH.....	22
Jafnréttisstefna	22
Umhverfisstefna	22
Persónuverndarstefna HSH.....	23
Viðbragðsáætlun	28
Gildi, hlutverk og framtíðarsýn HSH.....	29
Gildi	29
Hlutverk HSH	29

Siðareglur HSH.....	30
Hegðunarviðmið HSH	31
Reglugerðir HSH	35
Reglugerð um skiptingu á lottótekjum HSH.....	35
Reglugerð um Íþróttamanneskju HSH.....	36
Reglugerð um starfsemi ráða HSH	37
Fylgiskjöl	38
Fylgiskjal I: Fjárhagsáætlun HSH 2024.....	38

SAGA HSH

Héraðsamband Snæfellsness-og Hnappadalssýslu var stofnað 24. september 1922 í samkomuhúsinu að Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi. Tildrög voru þau að fjórðungssambönd sem starfað höfðu voru lögð niður um 1920, og á síðasta þingi Vestfirðingafjórðungs mun hafa verið kosin þriggja manna nefnd til undirbúnings við stofnun héraðssambands er næði yfir Snæfellsnes og Hnappadalssýslu. Þessir menn voru Guðmundur Illugason Ystu - Görðum, Sveinbjörn Jónsson Snorrastöðum og Bragi Jónsson Hofgörðum. Skipuðu þeir jafnframt fyrstu stjórn.

Verkefni sambandsins voru þau sem talið var að æskulýðsfélögum stæði næst. Sambandið réðist í að steypa Kolviðarneslaug en þar hafði þá farið fram hálf mánaðar námskeið í sundi á sumrin í hartnær þrjá áratugi.

Á fyrstu þingunum munu bindindis- og íþróttamál hafa verið aðal umræðuefni. Í fundargerðum upp úr 1940 má sjá að rætt hefur verið um að skora á sýslumann að banna dansleiki í tengslum við lögskila réttir. Til þess kom ekki en flutt var tillaga og samþykkt þess efnis að haldin væru námskeið í hvernig best væri að halda ölvuðum mönnum í skefjum.

Kynningarmót voru haldin árlega um tíma. Árið 1942 var eitt slíkt haldið að Búðum í Staðarsveit. Þar fór fram söngur, ræðuhöld, íþróttir og dans. Þátttakendur voru um 200 frá 8 aðildarfélögum. Það sama ár starfaði garðyrkjunautur á vegum sambandsins og mun svo hafa verið oftár. Á þessum árum var farið að huga að skórækt og keyptar plöntur til gróðursetningar..

Héraðsmót voru haldin, en fyrsta áratuginn voru þau kölluð "leikmót". Þar fór aðallega fram stökk og hlaup og menn yfirleitt óæfðir. Í heimildum segir að eitt sinn hafi verið haldin fimleikasýning á leikmóti, aðstaða mun hafa verið meira en léleg, engin áhöld aðeins kista hlaðin úr torfi.

Starfsemi sambandsins lá að mestu niðri frá árunum 1930 - 1939. Daníel Agústsínusson kom til starfa sem kennari í Stykkishólmi árið 1938 en hann hafði unnið sem ritari UMFÍ. Hann boðaði til fundar á Vegamótum veturinn 1939 og var sambandið endurvakið. Voru þá komin ungmennafélög í flest sveitarfélög sýslunnar og komu þau saman í sambandið.

Árið 1951 urðu mikil þáttaskil í starfi sambandsins hvað íþróttir varðar. Ráðinn var til starfa maður að nafni Sigurður Helgason, þá kennari í Stykkishólmi og síðar skólastjóri í Laugagerðisskóla, starfaði hann að málefnum sambandsins allt þar til hann flutti úr héraði 1970.

Fyrst mun hafa verið haldið skíðamót 1957 í Grundarfirði og Stykkishólmi. Skák var iðkuð af kappi um ára bil og mun Ottó Árnason í Ólafsvík hafa verið aðal driffjöðrin í því meðan hans naut við.

HSH hefur átt þátttakendur á öllum landsmótum UMFÍ frá 1940 að einu undanskildu eftir því sem best verður séð, að Laugum 1946.

Ungmennabúðir voru fyrst haldnar að Lýsuhóli á 50 ára afmæli sambandsins 1972. HSH hefur ávallt sent fulltrúa á þing ÍSÍ og UMFÍ auk sérsambanda. HSH átti um 10 ára tímabil fulltrúa í stjórn UMFÍ, var það Magnús Alexandersdóttir. Þá hefur sambandið einnig átt menn í stjórn Frjálsíþróttasambands Íslands, þá Sigurð Helgason og Sigurþór Hjörleifsson.

Í dag beinist starf sambandsins fyrst og fremst að íþróttum. Önnur félög og klúbbar hafa leyst af hólmi nauðsyn þá sem fyrir hendi var til annara félagslegra verkefna.

Samantekið af Magnúsi Alexandersdóttur og flutt á 75 ára afmælishófi sem haldið var á Lýsuhóli 1997.

Verið er að skoða áframhald á ritum á sögu HSH til dagsins í dag.

AÐILDARFÉLÖG HSH

UMF. GRUNDARFJARÐAR



Ungmennafélag Grundarfjarðar

Formaður: Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir

Gjaldkeri: Sólveig Ásta Bergvinsdóttir

Ritari: Gyða Rós Freysdóttir

Meðstjónandi: Guðbrandur Gunnar Garðarsson

Meðstjónandi: Tryggvi Hafsteinsson

Netfang: umfgrund@gmail.com

Vefsíða: <https://umfg.weebly.com/>

Facebook: Ungmennafélag Grundarfjarðar

UMF. VÍKINGUR/REYNIR



Ungmennafélagið Víkingur/Reynir

Framkvæmdarstjóri: Tinna Ýr Gunnarsdóttir

Formaður: Margrét Eva Einarisdóttir

Gjaldkeri: Helga Guðrún Sigurðardóttir/Tinna Ýr Gunnarsdóttir

Ritari: Selma Pétursdóttir

Meðstjónandi: Kristjana Pétursdóttir

Sími: 6946037

Netfang: umf@snb.is

Vefsíða: <http://umfvikingurreynir.weebly.com/>

Facebook: UMF, Víkingur/Reynir

UMF. SNÆFELL



Ungmennafélagið Snæfell

Formaður: Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Gjaldkeri: María Alma Valdimarsdóttir

Ritari: Rósa Kristín Indriðadóttir

Meðstjónandi: Gísli Pálsson

Varamaður: Kári Geir Jónsson

Varamaður: Árni Þór Björnsson

Netfang: kiddimalla@simnet.is

Vefsíða: www.snaefell.is

UMF. STAÐARSVEITAR



Ungmennafélag Staðarsveitar

Formaður: Sigurósk Sunna Magnúsdóttir

Gjaldkeri: Þórður Svavarsson

Ritari: Eiríkur Böðvar Rúnarsson

Meðstjónandi: Guðmundur Bjarnason

Meðstjónandi: Björn Ástvar Sigurjónsson

Meðstjónandi: Söldís Fannberg Þórsdóttir

Netfang: umfstadarsv@gmail.com

Facebook: Ungmennafélag Staðarsveitar

UMF. ELDBORG



Ungmennafélagið Eldborg

Formaður: Elísabet Ýr Bjarnadóttir

Gjaldkeri: Ásdís Rakel

Ritari: Jóhannes Jónsson

Meðstjónandi: Valgerður Álfheiður Sigurðardóttir

Varamaður: Jóna María Gísladóttir

Netfang: elisabetyr91@gmail.com

Facebook: Ungmennafélagið Eldborg

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ MIKLAHOLTSHREPPI



Íþróttafélag Miklaholtshrepps

Formaður: Laufey Bjarnadóttir

Gjaldkeri: Laufey Bjarnadóttir

Ritari: Katharina Kotschote

Netfang: ithrottafelagmikl@gmail.com

Facebook:

GOLFLÚBBURINN JÖKULL



Golfklúbburinn Jökull

Formaður: Jón Bjarki Jónatansson

Varaformaður: Rögnvaldur Ólafsson

Gjaldkeri: Jóhann Pétursson

Ritari: Hjörtur Ragnarsson

Meðstjónandi: Hjörtur Guðmundsson

Meðstjónandi: Ríkharður Kristjánsson

Netfang: jonbjarki144@simnet.is

Facebook: Golfklúbburinn Jökull

GOLFLÚBBUR STAÐARSVEITAR



Golfklúbbur Staðarsveitar

Formaður: Haukur Þórðarson

Varaformaður: Kristinn Jón Einarsson

Gjaldkeri: Jón Svavar Þórðarson

Varagjaldkeri: Þorsteinn S. Símonarson

Ritari: Kristján Þórðarson

Vararitari: Ólafur Jóhannes Sólmundsson

Netfang: hays@vortex.is

Vefsíða: www.golfklst.is

Facebook: Golfklúbbur Staðarsveitar

GOLFLÚBBURINN VESTARR



Golfklúbburinn Vestarr Grundarfirði

Formaður: Garðar Svansson

Gjaldkeri: Anna María Reynisdóttir

Ritari: Hinrik Konráðsson

Formaður fjáröflunarnefndar: Ragnar Smári Guðmundsson
og Heimir Ásgeirsson

Formaður mótanefndar: Hugrún Elísdóttir

Formaður skálanefndar: Helga Ingibjörg Reynisdóttir

Formaður vallarnefndar: Valtýr Njáll Birgisson

Formaður kvennanefndar: Lilja Magnúsdóttir

Sími: 6621709

Netfang: vestarr33@gmail.com

Vefsíða: www.gvggolf.is

Facebook: Golfklúbburinn Vestarr

GOLFKLÚBBURINN MOSTRI



Golfklúbburinn Mostri

Formaður: Magnús Þór Jónsson

Formaður Vallar- og skálanefndar: Ríkhartur Hrafnkelsson

Formaður mótanefndar: Hólmgeir Þorsteinsson

Formaður kvennanefndar: Helga Björg Marteinsdóttir

Ritari: Ríkhartur Hrafnkelsson

Meðstjónandi: Guðni Sumarliðason

Meðstjónandi: Gunnar Björn Guðmundsson

Meðstjónandi: Martin Markvoll

Sími: 699 - 5965

Netfang: formadur@mostri.is

Vefsíða: www.mostri.is

Facebook: Golfklúbburinn Mostri

HESTAMANNAFÉLAGIÐ SNÆFELLINGUR



Hestamannafélagið Snæfellingur

Formaður: Herborg Sigríður Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Ritari: Gróa Hinriksdóttir

Meðstjónandi: Hlynur Þór Hjaltason

Meðstjónandi: Sölvi Konráðsson

Netfang: herborgsig@gmail.com

Vefsíða: www.snaefellingur.123.is

Facebook: Hestamannafélagið Snæfellingur

SKOTFÉLAG SNÆFELLSNESS



Skotfélag Snæfellsness

Formaður: Arnar Geir Diego Ævarsson

Gjaldkeri: Mandy Nachbar

Ritari: Guðmundur Andri Kjartansson

Meðstjónandi: Birgir Guðmundsson

Meðstjónandi: Samúel Pétur Birgisson

Meðstjónandi: Jón Pétur Pétursson

Meðstjónandi: Arnar Guðlaugsson

Meðstjónandi: Gunnar Ásgeirsson

Meðstjónandi: Unnsteinn Guðmundsson


Netfang: skotgrund@gmail.com

Vefsíða: www.skotgrund.is

HSH ásamt aðildarfélögum sínum skila inn starfsskýrslum til ÍSÍ samkvæmt lögum ÍSÍ. Þá skila aðildarfélög inn ársskýrslum og ársreikningum til HSH fyrir 17.mars hvert ár. Það er stefna framkvæmdastjórnar HSH að aðildarfélög þess saki um gæða viðurkenningu ÍSÍ „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“.

SKIPULAG ÍÞRÓTTAHERAÐS

Aðildarfélög HSH eru hvert um sig sjálfstæð félög, með sín eigin lög og stjórnir. Megin tilgangur hvers aðildarfélags HSH er að halda úti íþróttastarfi í tiltekinni íþróttagrein/íþróttagreinum. Hlutverk HSH er að veita aðildarfélögum sínum umgjörð, stuðning og aðhald eftir því sem við á. Ársþing HSH og aðalfundir aðildarfélaga þess eru æðsti vettvangur íþróttastarfseminnar innan HSH.



HLUTVERK STJÓRNAR OG STARFSMANNA

Stjórn HSH 2024 – 2025

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson, formaður

Berglind Long, varaformaður

Garðar Svansson, gjaldkeri

Laufey Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Kristfríður Rós Stefánsdóttir, meðstjórnandi

SKIPUN STJÓRNAR, HLUTVERK OG VINNUREGLUR

Stjórn HSH er framkvæmdaraðili málefna Íþróttahéraðsins. Hlutverk stjórnar HSH mótast af lögum HSH og þeim áherslum og viðfangsefnum sem eru í deigluinni hverju sinni. Stjórn HSH er skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Í lögum HSH er tilgreint að störf og framkvæmdavald HSH sé í höndum stjórnar. Kosinn skal formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára. Formenn aðildarféлага HSH skipti með sér setu í varastjórn, fjórir formenn, eitt ár í senn. Stjórnin annast daglegan rekstur, ráðningu framkvæmdastjóra og eftir atvikum annað starfsfólk. Þá vinnur stjórnin að stefnum HSH og eftir markmiðum héraðssambandsins. Stjórn HSH getur skipað nefndir innan sinna vébanda til þess að sjá um framkvæmd einstakra málefna.

Þá kemur fram í lögum að stjórn HSH skuli boða formenn allra aðildarféлага og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til.

Stjórn HSH heldur stjórnarfundi svo oft sem þurfa þykir. Stjórnin veitir móttöku öllu því fé sem héraðssambandinu áskotnast og fer með það samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Mikilvægt er að stjórnarfolk HSH setji sig vel inn í starfsemi aðildarféлага HSH og sé vakandi gagnvart þeim tíðaranda í samfélaginu sem áhrif getur haft á starfsemina.

Formaður

Helstu verkefni formanns eru að:

- koma fram fyrir hönd HSH og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum.
- hafa yfirsýn með starfsemi HSH og sjá til þess að stefnum sé fylgt.

- sitja formannafundi, þing og aðra viðburði er tengjast ÍSÍ og UMFÍ.
- skipuleggja og boða stjórnarfund, stýra þeim eða fela öðrum stjórn þeirra samkvæmt fyrirbyggjandi dagskrá hverju sinni.
- sjá til þess að dagleg starfsemi héraðsins fari vel fram.
- sjá um að lögum sambandsins og samþykktum stjórnarfundar og ársþings sé framfylgt.
- virkja aðildarfélög og félaga til starfa í þágu sambandsins og aðildarfélaga þess.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Varaformaður

Helstu verkefni varaformanns eru að:

- taka við störfum formanns þegar formaður er forfallaður.
- koma fram fyrir hönd stjórnar í samráði við formann.
- vera upplýst/upplýstur um stöðu mála er varðar héraðssambandið.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Gjaldkeri

Helstu verkefni gjaldkera eru að:

- vera ábyrgur fyrir öllum fjármálum og bókhaldi félagsins.
- sjá um gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja hana fyrir stjórn ásamt formanni.
- greiða reikninga ásamt framkvæmdastjóra
- sjá til þess að gjöld sem ber að greiða séu greidd og hafa yfirsýn yfir innheimtu og að skuldir séu innheimtar.
- setja fram ársreikning í samstarfi við framkvæmdastjóra og leggja fram til samþykktar á ársþingi.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Ritari

Helstu verkefni ritara eru að:

- vera ábyrgur fyrir fundargerðum stjórnarfundna.
- sjá um fundargerðir á formannafundum HSH í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- fylgja eftir vinnureglum um skráningu og varðveislu fundargerða í samstarfi og samráði við aðra í stjórn.
- sjá til þess að bréf og skjöl séu rétt og vel varðveitt.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Meðstjórnandi

Helstu verkefni meðstjórnanda eru að:

- taka virkan þátt í að fylgja stefnu og markmiðum HSH.
- starfa náið með öðrum stjórnarmönnum að þeim verkefnum sem stjórnin tekur sér fyrir hendur.

Varamenn

Helstu verkefni varamanna eru að:

- koma inn í stjórn í forföllum aðalmanna og taka við þeirra hlutverki.
- taka sæti aðmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.

Framkvæmdastjóri

Helstu verkefni framkvæmdastjóra eru að:

- sjá um öll almenn störf á skrifstofu héraðsins. Stórum ákvörðunum skal vísað til stjórnar HSH.
- sjá fyrir ýmiskonar fræðslu fyrir aðildarfélögin.
- sjá um samskipti við aðildarfélög HSH.
- sjá um samskipti við nefndir og aðra er málefni þess varðar.
- annast samskipti við ÍSÍ og UMFÍ.

- vinna að þeim verkefnum sem stjórn hefur samþykkt að fara í á hverjum tíma.
- sitja fundi stjórnar HSH.
- vinna að framkvæmd stefnu og samþykktum stjórnar HSH og ársþings HSH í samvinnu við stjórn.
- sjá um ársskýrslu HSH.
- gæta þess að vera í nánú samstarfi við formann HSH.
- hafa umsjón með daglegum rekstri HSH á milli stjórnarfunda.
- skipuleggja stjórnarfund, undirbúa þau mál sem tekin eru fyrir.
- skila félagatali, ársreikningum og stjórnarskipan í félagakerfi ÍSÍ.
- vera aðildarfélögum innan handar við skil á félagatali, ársreikningum og stjórnarskipan í félagakerfi ÍSÍ og minna þau á að skila.
- vinna að því að gera HSH að fyrirmyndarhéraði.
- vera tengiliður við ÍSÍ og aðildarfélög vegna umsókna og vinnu aðildarfélaganna um að gerast fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

FJÁRMÁLASTJÓRN

Stjórn HSH ber ábyrgð á fjármálum HSH og skal ársþing HSH samþykkja ársreikninga héraðsins. Á sama hátt eru fjármál einstakra aðildarféлага HSH á ábyrgð stjórnar þeirra og skal aðalfundur viðkomandi félags samþykkja ársreikning þess. Reglugerð og leiðbeiningar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar eru leiðarstef HSH í fjármálastefnu HSH.

FORMANNAFUNDIR HSH

Formannafundir HSH eru haldnir tvisvar á ári. Á haustin hittir stjórn og framkvæmdastjóri HSH formenn aðildarfélaganna í litlum hópum þar sem þarfagreining á sér stað fyrir hvert félag, kynningar á verkefnum eða fræðsla til fulltrúa aðildarféлага ásamt fleiru. Í febrúar er formannafundur haldinn þar sem formenn allra aðildarféлага koma saman og sinna undirbúningi fyrir ársþing og fl.

LÖG HSH

LÖG HÉRAÐSSAMBANDS SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

1. KAFLI

TILGANGUR OG HLUTVERK

1. GREIN

Sambandið heitir Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, skammstafað HSH. Heimili þess og varnarþing er Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

2. GREIN

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu eru samtök ungmenna- og íþróttafélaga á starfssvæði Byggðasamlags Snæfellinga. Tilgangur HSH er að hafa forystu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfélaganna, efla samvinnu þeirra, svo og að vera fulltrúi þeirra utan héraðs sem innan.

3. GREIN

Hlutverk héraðssambandsins er:

- að gæta hagsmuna íþróttahreyfingarinnar innan héraðsins og vera málsvari hennar gagnvart opinberum aðilum, innan héraðs og utan.
- að staðfesta lög aðildarfélaga, halda utan um staðfest lög þeirra og skila yfirliti til ÍSÍ yfir þau í lok hvers árs.
- að stuðla að fræðslu og bættri lýðheilsu meðal íþróttaiðkenda og íbúa í héraði.
- að vinna að jafnrétti allra.
- að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins í samræmi við íþróttalög, lög ÍSÍ og UMFÍ og vera fulltrúi aðildarfélaganna gagnvart ÍSÍ og UMFÍ.
- að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt eða falið að ráðstafa.
- að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.

- að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál í héraði.
- að hafa forystu um sameiginlega hagsmuni, félagsmál og að efla samvinnu íþróttafélaga innan héraðs og iðkenda þeirra.
- að tilkynna til ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi stofnun nýrra félaga.

2. KAFLI

RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐILDARFÉLAGANNA

4. GREIN

Öll félög, sem vinna að sömu markmiðum og HSH og hafa aðsetur í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, hafa rétt til að sækja um aðild að sambandinu fullnægi þau þeim skilyrðum sem sett eru á hverjum tíma.

5. GREIN

Skilyrði fyrir inngöngu í héraðssambandið er:

- Félagið vinni að sömu markmiðum og HSH.
- Að félagið sendi lög sín, skýrslur um stofndag, félagafjölda og stjórn félagsins til stjórnar HSH og að lögin séu í samræmi við lög og reglur HSH, ÍSÍ og UMFÍ.
- Umsókn um aðild skal lögð fram á næsta héraðsþingi HSH.
- Þegar félag hefur uppfyllt öll ákvæði og skyldur, nýtur það þegar keppnisréttar á mótum HSH, en annarra réttinda nýtur félagið ekki fyrr en sex mánuðum eftir að héraðsþing HSH hefur samþykkt inngöngu þess í sambandið.

6. GREIN

Öllum aðildarfélögum er skylt að halda skrá yfir félaga sína. Í skránni skal standa nafn, kennitala og hvenær viðkomandi gekk í félagið. Aðildarfélögin skulu senda HSH afrit og breytingar á skránni með starfsskýrslum.

7. GREIN

Héraðsþing HSH ákveður skattgreiðslur félaga. Skatt þurfa félög að inna af hendi til HSH fyrir árslok ár hvert og miðast skattgreiðslur við tölu skattskyldra félaga, 18 ára og eldri, eins og þeir voru í skýrslu síðastliðins árs. Skýrslu- og reikningsár HSH er almanaksárið.

8. GREIN

Aðildarfélög HSH skulu halda aðalfund eigi síðar en 15. mars ár hvert. Senda skal ársskýrslu og samþykkt ársreikninga til stjórnar HSH eigi síðar en 17. mars ár hvert. Aðildarfélög skulu notast við ársskýrslu skapalón sem HSH leggur til. Aðildarfélög skulu notast við ársreiknings skapalón sem HSH leggur til eða skila ársreikningum í nákvæmara formi ef þau kjósa svo.

9. GREIN

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund fyrir tilsettan tíma, hefur stjórn HSH, heimild til að láta yfirfara bókhald, skoða reikninga, boða til aðalfundar og annast framkvæmd hans. Hafi félag ekki greitt lögboðin gjöld eða sent ársskýrslur inn fyrir 17. mars missir það atkvæðisrétt sinn á næsta héraðsþingi HSH. Hafi skýrslur eða gjöld ekki borist næsta ár á eftir, skal héraðsþing taka ákvörðun um hvort félaginu skuli vikið úr sambandinu og ef ekki, hvort og þá hvernig skuli refsa því.

10. GREIN

Víkja má félagi úr HSH um stundarsakir ef það brýtur gildandi lög, reglur eða ákvæði HSH og/eða lög sérsambanda sem sambandið á aðild að. Félag sem misst hefur réttindi sín getur ekki öðlast þau aftur nema það fullnægi settum refsíákvæðum eða ef um vanskil er að ræða, gert full skil. Félag sem missir réttindi sín öðlast þau ekki aftur fyrr en stjórn HSH hefur samþykkt slíkt.

11. GREIN

Vilji félag ganga úr sambandinu skal það senda skriflega úrsögn fyrir héraðsþing. Er úrsögn ógild ef síðar kemur. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé sem það hefur lagt til sambandsins. Einnig sé það með öllu skuldlaust við sambandið.

3. KAFLI

STJÓRN HSH

12. GREIN

HSH er stjórnað af þessum aðilum:

- Héraðsþingi
- Stjórn

13. GREIN

Héraðsþing HSH er fulltrúaþing og hefur hvert félag rétt til að senda:

2 fulltrúa fyrir fyrstu 100 félagsmenn

3 fulltrúa fyrir hverja 101 – 300 félagsmenn

4 fulltrúa fyrir hverja 301 og fleiri félagsmenn

Aðrir þingfulltrúar skulu skráðir á kjörbréf sem stjórn HSH leggur til.

Stjórnarfólk HSH eru sjálfkjörnir þingfulltrúar með atkvæðisrétt, málfrelsi og tillögurétt.

14. GREIN

Héraðsþing HSH skal halda fyrir 15. apríl ár hvert. Til þess skal boða með tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti með 30 daga fyrirvara. Síðara fundarboð skal senda með eigi minna en einnar viku fyrirvara stjórnnum allra aðildarfélaga og sérráða HSH og skal fylgja því dagskrá þingsins svo og framkomnar tillögur um lagabreytingar og önnur mál. Héraðsþing er löglegt sé löglega til þess boðað og helmingur kjörinna fulltrúa mættur.

15. GREIN

Á héraðsþingi HSH eiga sæti fulltrúar þeir sem aðildarfélögin hafa kjörið til þingsetu eftir ákvæðum 13. greinar. Heimild til þingsetu með tillögurétti og málfrelsi hafa, auk stjórnar HSH, fulltrúar frá landssamtökum og sársamböndum, sem HSH á aðild að, svo og fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og sýslu um æskulýðs- og íþróttamál.

16. GREIN

Tilhögun héraðsþingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning
2. Tilnefning þingforseta, varaþingforseta og tveggja þingritara
3. Skipun kjörbréfanefndar
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagðir fram skoðaðir reikningar
6. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
7. Álit kjörbréfanefndar
8. Reikningar lagðir fram til samþykktar
9. Ávörp gesta
10. Fjárhagsáætlun lögð fram
11. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda
12. Nefndarstörf
13. Fjárhagsnefnd
14. Íþróttanefnd
15. Allsherjar- og laganefnd
16. Nefndaálit, umræður og atkvæðagreiðslur
17. Kosningar samkvæmt 19.grein:
 - a. Formaður HSH
 - b. Aðrir í stjórn og varastjórn
 - c. Tveir skoðunarmenn og tveir til vara
18. Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum
19. Uppstillinganefnd, 4 af formönnum aðildarfélaga HSH, sem starfar fram að næsta héraðsþingi
20. Kosning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ
21. Önnur mál
22. Þingslit

Öllum meiriháttar málum skal vísað til nefnda. Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga, reikningsyfirlit og fjárhagsáætlun næsta árs.

17. GREIN

Við atkvæðagreiðslu almennra mála á héraðsþingi HSH og í kosningum ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa. Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi.

18. GREIN

Aukaþing skal halda ef:

Tilmæli koma frá stjórnnum landssamtaka.

Tilmæli koma frá a.m.k. 2/5 sambandsfélaganna.

19. GREIN

Stjórn HSH er skipuð fimm fulltrúum. Formaður, varaformaður, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur sem kjörnir eru af Héraðsþingi HSH. Kosinn skal formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja. Formenn aðildarfélaga HSH skipti með sér setu í varastjórn, fjórir formenn, eitt ár í senn.

- Formaður HSH til eins árs.
- Fjórir stjórnarmenn til tveggja ára, tveir í senn.
- Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

20. GREIN

Aðildarfélögum HSH er heimilt að stofna sér ráð um íþróttagreinar og samstarf.

21. GREIN

Á milli ársþinga eru störf og framkvæmdavald í höndum stjórnar HSH. Stjórnin annast daglegan rekstur, ráðningu framkvæmdarstjóra og eftir atvikum annað starfsfólk. Stjórn HSH getur skipað nefndir innan sinna vébanda til þess að sjá um framkvæmd einstakra málefna. Einnig getur hún falið félagi ákveðin verkefni, sem því er skylt að leysa af hendi svo vel sem því er unnt. Stjórn HSH skal semja fyrir fram við viðkomandi félag um skiptingu kostnaðar vegna verkefnisins.

Stjórn HSH skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami einstaklingur nema með eitt atkvæði.

22. GREIN

Stjórn HSH skal skylt að senda sambandsfélögum sínum afrit af öllum fundum sínum, svo og skýrslur af mótum sambandsfélaganna.

Lögum þessum breytt 11.apríl 2024 og öðlast þegar gildi.

STEFNA HSH

Stefnur HSH voru unnar haustið 2024 og verða lagðar undir ársþing HSH sem haldið verður í apríl 2025.

FRÆÐSLU- OG FORVARNARSTEFNA HSH

Eitt af hlutverkum HSH er að hafa forystu um forvarnir, fræðslu og sameiginleg félagsmál íþróttafélaganna innan Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu.

Fræðslu- og forvarnarstefna:

- Að hvetja aðildarfélög til þess að festa í lög sín og reglugerðir ákvæði þar sem tekin er afstaða gegn neyslu á áfengi, tóbaki, rafretum og öðrum fíkniefnum.
- Að öll aðildarfélög hafi að leiðarljósi að íþróttaiðkun fylgir alltaf uppeldishluti og mikilvægt að íþróttamenning sé virt sem mikilvægur hluti samfélagslegra gilda.
- Að hvetja aðildarfélög HSH til að efla þekkingu og meðvitund á siðareglum HSH hjá iðkendum, þjálfurum og öðrum sem koma að starfinu á einn eða annan hátt.
- Að fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfar um áhrif áfengis, rafretna, tóbaks og fíkniefna og áhrif þeirra á heilbrigði og árangur í íþróttum.
- Að bjóða upp á fræðslu til aðildarfélaganna með námskeiðum, fyrirlestrum og fræðslu sem nýtast megi aðildarfélögum í íþróttastarfi þeirra.
- Að aðildarfélög HSH vinni markvisst að því að kynna það sem er í boði hjá hverjum og einum. Mikilvægt er að skapa tækifæri og svigrúm til þess að börn og unglingar geti stundað íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Að hvetja til almennrar þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi aðildarfélaganna.
- Að hjá HSH starfi menntaðir og hæfir þjálfarar.
- Að hvetja öll aðildarfélög til að senda þjálfara sína í Þjálfaramenntun ÍSÍ og sérsambanda.
- Að hvetja öll aðildarfélög til að verða Fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

FÉLAGSMÁLASTEUFNA HSH

- *Að efla iðkendur og félagsmenn innan HSH.*
- *Að virkja þátttakendur í hreyfingunni.*
- *Að viðhalda og efla starfsemi Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í samráði við sveitarfélögin á Snæfellsnesi.*
- *Að skapa jöfn tækifæri fyrir alla iðkendur.*
- *Að stuðla að skipulögðu félagsstarfi og samveru utan íþróttæfinga.*
- *Að hlúa að umhverfi iðkenda svo þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi.*
- *Að efla félagsleg samskipti og félagslega færni til jafns við íþróttæfingar og keppnir.*

JAFNRÉTTISSTEFNA

Allir einstaklingar innan HSH skulu fá að þroska hæfileika sína og eiga jafna möguleika hvað varðar aðstöðu, þjálfun og fjármagn óháð kynferði eða kynþætti. HSH veitir öllum iðkendum möguleika á að stunda íþróttir óháð kynferði, búsetu, þjóðerni, trú eða litarhætti.

HSH leggur áherslu á:

- *Að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunun verði ekki liðin í starfi héraðsins.*
- *Að öll kyn hafi jafna möguleika til að stunda íþróttagreinar sem aðildarfélög HSH bjóða upp á.*
- *Að aðildarfélög HSH geri sömu hæfniskröfur til þjálfara af hvaða kyni sem er og greiði laun skv. Menntun þeirra og reynslu en ekki kynferði þeirra sjálfra eða þeirra sem þau þjálfa.*
- *Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta.*
- *Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við að aðlagast sig í nýju umhverfi.*

UMHVERFISSTEFNA

Að iðkendur, félagsmenn og stuðningsfólk fylgi þeim umgengnisreglum sem gilda í íþróttamannvirkjunum.

- *Að frágangur sé góður að lokinni æfingu og keppni.*

- *Að ruslafötur séu til staðar á æfinga- og keppnissvæðum.*
- *Að æfinga- og keppnissvæði eru reyk- og rafrettulaus.*
- *Að hvetja til sparnaðar í keyrslu á æfingar og mót með því að ganga, hjóla og sameinast í bíla.*

PERSÓNUVERNDARSTEFNA HSH

Almennar upplýsingar

Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu, hér eftir HSH, 620169-5289, til heimilis að Borgarbraut 4, 340 Stykkishólmi leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá HSH. Persónuverndarstefnan tekur mið af regluverki persónuverndar eins og það er á hverjum tíma.

HSH telst vera ábyrgðaraðili í skilningi laganna og ber samkvæmt því ábyrgð á því hvernig persónuupplýsingar eru unnar í starfseminni. Persónuverndarstefnan er aðgengileg á heimasíðu HSH og verður lögð fyrir þing HSH í apríl 2025.

Hvaða persónuupplýsingum söfnum við, um hverja og hvernig ?

HSH vinnur meðal annars persónuupplýsingar um eftirfarandi flokka einstaklinga:

- *Starfsumsækjendur*
- *Starfsmenn*
- *Félagsmenn*
- *Keppendur*

Eðli og magn upplýsinganna sem safnað er fer eftir því hvaða einstaklinga er um að ræða. Ólíkum upplýsingum er safnað á milli flokka einstaklinga. Dæmi um flokka persónuupplýsinga og upplýsingar sem við vinnum eru:

- *Starfsumsækjendaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, fyrri störf og menntun, kunnátta og fleiri upplýsingar í tengslum við starfsumsóknir.*
- *Starfsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, mynd, lögheimili, sími, netfang, starfsheiti, bankareikningur og fleira. Við kunnum einnig að vinna viðkvæmar*

persónuupplýsingar um starfsmenn, eins og heilsufarsupplýsingar vegna veikinda og upplýsingar um stéttarfélagsaðild.

- *Félagsmannaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang, hlutverk í hreyfingu.*
- *Upplýsingar um keppendur, svo sem nafn, kennitala, kyn, íþróttagrein, árangur, heiti móts, tegund móts.*
- *Viðskiptamannaupplýsingar, svo sem nafn, netfang, tengsl við fyrirtæki, símanúmer, starfsheiti og samskiptasaga.*

Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða, en persónuupplýsingarnar sem við vinnum koma venjulega beint frá skráðum einstaklingi. Þær geta þó einnig komið frá þriðja aðila eins og til dæmis ef upplýsingar eru sóttar úr gagnagrunni eins og Nóra eða öðrum þriðja aðila. Við höfum ávallt í huga meginreglur persónuréttar við vinnslu persónuupplýsinga. Þessar reglur fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu:

- *áreiðanlegar og uppfærðar reglulega;*
- *unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti;*
- *fengnar í skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi;*
- *unnar af hófsemi og miðast við tilgang söfnunar;*
- *varðveittar með öruggum hætti og ekki lengur en þörf er á;*
- *unnar þannig að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.*

Við leitumst við að öll vinnsla persónuupplýsinga sé viðhöfð með hliðsjón af meginreglunum þannig að tryggja megí réttindi einstaklinga sem best.

Hver er grundvöllur og tilgangur vinnslunnar ?

HSH vinnur persónuupplýsingar um einstaklinga á grundvelli samþykkis, einkum um félagsmenn og iðkendur sem gerast aðilar að aðildarfélögum HSH og í markaðstilgangi.

Þegar við skráum upplýsingar um félagsmenn og iðkendur innan HSH í Sportabler eða Felix þá gerum við það á grundvelli lögmætra hagsmuna sem felst einkum í lottógreiðslum, tölfræðivinnslu, sögulegs tilgangs að skrá. Upplýsingar geta einnig verið unnar á grundvelli lögmætra hagsmuna, einkum þegar við skráum upplýsingar í gagnagrunn Sportabler eða Felix. Lögmætir hagsmunir

okkar felast þá einkum í t.d. tölfræði og sögulegum tilgangi. Í slíkum tilvikum fullvissum við okkur um það að grundvallarréttindi og frelsi skráðra einstaklinga vegur ekki þyngra en okkar hagsmunir af því að vinna upplýsingarnar.

Í sumum tilvikum vinnum við persónuupplýsingar einstaklinga á grundvelli samningssambands. Það á við einkum um starfsumsækjendur, starfsmenn, viðskiptamenn, birgja og verktaka. Það getur einnig verið í þeim tilgangi að koma slíku samningssambandi á. Við kunnum einnig að vinna persónuupplýsingar um félagsmenn á grundvelli samnings.

Þá fer vinnsla fram til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á okkur, svo sem í tengslum við útgreiðslu launatengdra gjalda, samkvæmt vinnuréttarlöggjöf eða á grundvelli jafnréttislaga, svo sem þegar við skráum upplýsingar um kyn félagsmanna.

Viðkvæmar persónuupplýsingar eru einkum unnar um starfsmenn og keppendur á grundvelli samnings. Í þeim tilvikum höfum við gert viðeigandi verndarráðstafanir í samræmi við gerðar kröfur.

Miðlun

Almennt miðlum við ekki persónuupplýsingum einstaklinga sem eru skráðir hjá okkur. HSH kann þó að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila við ákveðnar aðstæður. Til dæmis getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu, eins og UMFÍ og ÍSÍ, Greiðslumiðlun og sveitarfélögin innan héraðsins. Einnig getur verið um að ræða þjónustuaðila eða verktaka sem veita ákveðna þjónustu eins og t.d. tímatöku, upplýsingatækni og ljósmyndun. Getur þá verið nauðsynlegt að veita slíkum aðila aðgang að persónuupplýsingum þannig að hann geti þjónustað HSH.

Þegar slíkir aðilar hafa aðgang að persónuupplýsingum vegna eðli þjónustunnar sem um ræðir tryggir HSH að aðeins séu afhentar persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar og um ábyrga vinnsluaðila sé að ræða sem bjóða upp á þjónustu sem uppfyllir skilyrði persónuverndarlaga, m.a. með tilliti til öryggis persónuupplýsinga.

Öryggi

Mikið er lagt upp úr öryggi persónuupplýsinga hjá HSH og hefur verið gripið til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með hliðsjón af eðli og umfangi þeirrar vinnslu sem um ræðir. Í því felst meðal annars innleiðing ferla og verklags, sem og tæknilegar öryggisráðstafana, sem taka tillit til eðli upplýsinganna sem um ræðir og áhættu fyrir skráða einstaklinga.

Verði öryggisbrestur sem varðar persónuupplýsingar og hefur í för með sér áhættu fyrir skráða einstaklinga mun HSH tilkynna slíkt án ótilhlýðilegra tafa til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber HSH einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um öryggisbresti. HSH hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast við slíkum aðstæðum.

Varðveisla

HSH geymir persónuupplýsingar í þann tíma sem nauðsynlegt er til að uppfylla tilgang vinnslu. Söguleg gögn eru geymd ótímabundið og eftir atvikum færð til Héraðsskjalasafns. Bókhaldsgögn eru geymd í að minnsta kosti 7 ár eins og lög kveða á um. Sé möguleiki á því að þörf verði fyrir persónuupplýsingar síðar til að uppfylla lagaskyldu eða vegna lögmætra hagsmuna, mun HSH varðveita þær persónuupplýsingar með eins öruggum hætti og nauðsyn ber til.

Réttindi einstaklinga

Einstaklingar geta óskað eftir upplýsingum um vinnslur HSH og einnig geta þeir óskað eftir því að nýta önnur réttindi með því að senda skriflega fyrirspurn á netfangið: hsh@hsh.is. Dæmi um réttindi einstaklinga eru:

- *aðgangur að skráðum persónuupplýsingum*
- *afrit af persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar persónuupplýsinga og eyðingar*
- *mótmæla vinnslu og/eða takmarka vinnslu*
- *draga til baka samþykki fyrir vinnslu*
- *óska eftir því að persónuupplýsingar séu fluttar til annars aðila*

Einstaklingar kunna að eiga frekari réttindi í tengslum við vinnslu HSH á persónuupplýsingum. Þá kunna réttindi einstaklinga að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða lögmætum hagsmunum HSH.

Við munum óska eftir staðfestingu á auðkenni þeirra einstaklinga sem óska eftir aðgangi að persónuupplýsingum á grundvelli reglugerðarinnar, svo sem með ökuskírteini eða vegabréfi. Það er gert til þessa að tryggja það að upplýsingarnar berist ekki í hendur óviðkomandi aðila.

Vafrakökur

Vafrakökur (e. cookies) eru textaskrár sem hlaðast inn í vafra þegar notendur fara inn á vefsvæði. Vafrakökur gera vefsvæðum kleift að greina á milli notenda og hvernig þeir nota vefsvæði. HSH notar vafrakökur til að mæla heimsóknir á vefsíðuna sína. Umferð á vefinn er svo mæld og greind með Google Analytics. Skráður er tími og dagsetning heimsókna á vefinn niður á IP tölur, frá hvaða vefsíðu heimsóknir koma, tegund vafra og stýrikerfis, og hvaða leitarorð notendur nota til að komast á vefinn, sem og til að finna efni innan hans. Vafrakökur eru notaðar til að bæta viðmót og notendaupplifun á vefsíðum HSH. Einnig til að muna mikilvægar upplýsingar frá fyrri heimsóknum notenda. Upplýsingar sem vafrakökurnar safna eru geymdar í 30 dagar og eyddar að þeim tíma loknum. Takmarka má notkun vafrakakna í vöfrum og eyða þeim. Það er ólíkt eftir vöfrum hvernig ferlið er en leiðbeiningar má finna í hjálparvalmöguleikum vafra.

Samskipti við HSH og Persónuvernd

Fyrirspurnum vegna persónuverndarmála HSH er unnt að beina á netfangið hsh@hsh.is eða með símtali til framkvæmdastjóra HSH. Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar. Finna má upplýsingar um hvernig hafa skal samband við stofnunina hér: www.personuvernd.is.

Breytingar

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu nýrrar útgáfu persónuverndarstefnunnar á heimasíðu HSH, www.hsh.is

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Unnið er samkvæmt viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa. Tilgangur samræmdrar áætlunar er að sporna við atvikum sem geta mögulega komið upp og leiðbeint starfsfólki, sjálfbóðaliðum og fleirum til að bregðast eins rétt við og hugsast getur ef til þess kemur.

Samræmd viðbragðsáætlun var unnin í sameiningu af Bandalagi íslenskra skáta, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Kristilegu félagi ungra manna og kvenna, Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Ungmennafélagi Íslands og Æskulýðsvettvanginum.

www.samskiptaradgjafi.is

GILDI, HLUTVERK OG FRAMTÍÐARSÝN HSH

GILDI

Skipulagt íþróttastarf er gríðarlega mikilvægt fyrir börn og unglinga. Þátttaka barna hefur fjölþætt gildi í íþróttastarfi en gildi eru í raun leiðarvísir íþróttafólks í keppni og á æfingum.

Gildi HSH

Virðing – Gleði – Samvinna

HLUTVERK HSH

Hlutverk héraðsambandsins er:

- að gæta hagsmuna íþróttahreyfingarinnar innan héraðsins og vera málsvari hennar gagnvart opinberum aðilum, innan héraðs og utan.
- að staðfesta lög aðildarféлага, halda utan um staðfest lög þeirra og skila yfirliti til ÍSÍ yfir þau í lok hvers árs.
- að stuðla að fræðslu og bættri lýðheilsu meðal íþróttaiðkenda og íbúa í héraði.
- að vinna að jafnrétti allra.
- að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins í samræmi við íþróttalög, lög ÍSÍ og UMFÍ og vera fulltrúi aðildarfélaganna gagnvart ÍSÍ og UMFÍ.
- að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt eða falið að ráðstafa.
- að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- að fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál í héraði.
- að hafa forystu um sameiginlega hagsmuni, félagsmál og að efla samvinnu íþróttafélaga innan héraðs og iðkenda þeirra.
- að tilkynna til ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambandi stofnun nýrra félaga.

SIÐAREGLUR HSH

Markmið sambandsins með siðareglum er að veita öllum þeim aðildarfélögum sem taka þátt eða starfa á vegum og í nafni þess almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi hjá sambandinu og þurfa að njóta almenns stuðnings og samþykkis þeirra sem þær taka til. Reglurnar taka til aðildarfélaga HSH sem þó eru hvött til að setja sínar eigin siðareglur. Siðareglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og skal kynna öllum þeim, sem koma fram í nafni sambandsins. Þessar siðareglur eru ekki eingöngu leiðbeinandi. Verði uppvíst um brot á reglum þessum áskilur stjórn sambandsins sér rétt til að grípa til viðeigandi ráðstafana og taka ákvörðun um viðurlög eftir því sem við á. Einstaklingum eða félögum eru heilmilt að vísa málum sem upp kunna að koma til stjórnar HSH.

1. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
2. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
3. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnmalaskoðanir.
4. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
5. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
6. Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
7. Þiggðu aldrei mútur.
8. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
9. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

HEGÐUNARVIÐMIÐ HSH

Foreldri/forráðamaður, hafðu ávallt hugfast að:

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það.
3. Hrósa öllum iðkendum á meðan æfingu, leik eða keppni standur, ekki aðeins þínu barni.
4. Hvetja börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs. Ekki gera grín að barni eða hrópa að því ef mistök eiga sér stað.
5. Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni, efnahags, fötlunar eða trúarbrögðum.
6. Börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta frammistöðu allra barna í hópnum.
7. Vera börnum fyrirmynd í því að taka ósigri af æðruleysi, taka sigri hrokalaust og sýna mótherjum kurteisi.
8. Bera virðingu fyrir störfum þjálfarans, ekki reyna að hafa áhrif á störf hans meðan á leik eða keppni standur.
9. Líta á dómarrann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
10. Spyrja barnið hvort keppnin eða æfingin hafi verið skemmtileg eða spennandi, úrslitin eru ekki alltaf aðalatriðið.
11. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barnið þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
12. Taka vel í þegar þú ert beðinn um aðstoð af félaginu og vertu virkur þátttakandi í verkefnum sem snúa að rekstri félagsins.

Iðkendur á öllum aldri - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika í íþróttum.
3. Taka þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki vegna þess að foreldrar/forráðamenn þínir eða þjálfari vilja það.
4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
5. Forðast þrætur eða deilur við dómara og aðra starfsmenn leiksins/mótsins. Virtu ákvarðanir þeirra.
6. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opin gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.

7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um mótherja, samherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.

Að auki fyrir eldri iðkendur - Þú ættir að:

1. Hafa heilbrigði ævinlega að leiðarljósi. Ekki taka áhættu varðandi heilsu þína með því að neyta ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.
2. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra. Forðast neikvæð ummæli og skammir byggðar kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð
3. Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
4. Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.
5. Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu og hafa ávallt hugfast að þú er fyrirmynd yngri iðkenda jafnt utan vallar sem innan.
6. Samþykkja aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
7. Forðast nán samskipti við þjálfara þinn.
8. Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem móthyr.

Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum. Hafa ber í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
2. Styrktu jákvæða hegðun, framkomu og gagnrýni. Byggðu upp á jákvæðan hátt.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Haltu á lofti heiðarleika innan íþróttarinnar.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka.
6. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim. Kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
7. Vertu jákvæður, réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum.
8. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.
9. Talaðu alltaf gegn neyslu áfengis, tóbaks og notkunar ólöglegra lyfja.

10. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
11. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf og viðurkenndu rétt iðkandans til að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
12. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
13. Beittu aldrei kynferðislegri áreitni né vertu í nánú samband við iðkanda þinn.
14. Taktu aldrei að þér akstur yngri iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra.
15. Forðastu samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
16. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og innan.
17. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, trúarbrögðum og kynhneigð.
18. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
19. Forðastu að koma þér í þá aðstöðu að vera einn með iðkanda nema um fyrirfram ákveðna æfingu sé að ræða.

Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um gildi og markmið félagsins og sjáðu til þess að þau séu í heiðri höfð í starfsemi félagsins.
2. Hafðu ávallt í huga að verið er að byggja upp fólk.
3. Komdu fram við alla félagsmenn, foreldra þeirra, þjálfara starfsmenn og aðra sjálfboðaliða sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, litarhætti, kynhneigðar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna.
4. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
5. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins eða félagsmanna.
7. Taktu og beittu gagnrýni á jákvæðan hátt.
8. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.

Stjórnarmaður/starfsmaður

Virtu sömu reglur og sjálfboðaliðar en auk þess skalt þú:

1. Halda félagsmönnum vel upplýstum um starfsemi félagsins og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
2. Reka skal félagið ávallt í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Við biðjum stuðningsmenn félagsins að:

1. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um mótherja, samherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
2. Líta á dómarana sem leiðbeinendur, ekki gagnrýna ákvarðanir þeirra á óviðeigandi hátt.
3. Viðhafa jákvæða gagnrýni.
4. Samþykkja aldrei að sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.

Aðalstjórn/aga og siðanefnd getur beitt eftirfarandi viðurlögum við brotum á siðareglum félagsins allt eftir alvarleika brots:

1. Tiltal.
2. Áminning.
3. Tímabundinn brottvikning.
4. Brottrekstur.

REGLUGERÐIR HSH

REGLUGERÐ UM SKIPTINGU Á LOTTÓTEKJUM HSH

83. sambandsþing HSH haldið á Langaholti 11.apríl 2024 samþykkir tillögu á breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna HSH.

1. Forsendur skiptinga á milli félaga:

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

2. Skipting lottótekna

- a. 42% til HSH
- b. 58 % til aðildarfélaganna

3. Skipting lottótekna skv. lið 2b

- a. 5% jafnt milli félaga.
- b. 15% skiptast milli starfandi félaga, eftir fjölda félagsmanna.
 - i. Starfandi telst félag sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - 1. Heldur aðalfund samkvæmt félagslögum
 - 2. Skilar fullnægjandi skýrslum
 - 3. Sendir fulltrúa á þing HSH og sambandsráðsfundi
 - 4. Stendur fyrir virku félags- og íþróttastarfi
- c. 5% skiptist milli þeirra félaga sem senda fulltrúa á héraðsþing HSH.
 - i. Þessi greiðsla sé í réttu hlutfalli við fjölda mættra fulltrúa hvers félags.
 - ii. 65% skiptist hlutfallslega milli félaga eftir reiknuðum íbúafjölda á félagssvæði hvers félags. Reiknuð íbúatala skal ekki vera hærri en þreföld félagstala hvers félags og ekki hærri en skráður íbúafjöldi skv. manntali 1.desember næstliðins árs. Félög sem starfa á öllu félagssvæði HSH skulu fá reiknaðan íbúafjölda sem er íbúafjöldi svæðisins deilt með fjölda sveitarfélaga.
 - iii. 10% renni til Landsmótssjóðs HSH.

Reglugerð þessari var breytt 11.apríl 2024 og öðlast þegar gildi

1.grein

Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu veitir árlega heiðursviðurkenninguna „Íþróttamanneskja HSH“ þeirri íþróttamanneskju á sambandsvæði HSH, sem þótt hefur skara fram úr á íþróttasviðinu á því ári. Viðurkenning þessi er tengd minningu Pálma Frímanssonar.

2.grein

Sá er hlýtur nafnbótina Íþróttamanneskja HSH skal afhentur bikar til varðveislu í eitt ár. Auk þess skal hann fá minni grip til eignar.

3.grein

Aðildarfélög HSH skili árlega tilnefningu íþróttamanneskju frá félaginu til stjórnar HSH eigi síðar en 1.desember. Aðildarfélögum ber að skila tilnefningum og greinargerð á þar til gerðum skapalónum sem HSH leggur til um Íþróttamanneskju ársins. Miðað skal við að viðkomandi sé 16 ára og eldri.

4.grein

Aðalstjórn HSH kalli saman kjörfund vegna íþróttamanneskju HSH eigi síðar en 10. desember ár hvert. Atkvæðisrétt á fundinum hafi stjórn og varastjórn HSH. Atkvæðagreiðsla skal vera leynileg.

5.grein

Kosning fari þannig fram, kjörmenn riti 3 nöfn á sinn kjörseðill. Kjörseðill telst einungis gildur með 3 nöfnum. Ef 2 eða fleiri eru jafnir að kosningu lokinni skal kjósa milli þeirra þar til úrslit fást.

6.grein

Útnefning íþróttamanneskju HSH fari fram á héraðsþingi HSH eða við annað tækifæri sem stjórn ákveði.

REGLUGERÐ UM STARFSEMI RÁÐA HSH

REGLUGERÐ UM STARFSEMI RÁÐA HSH

Aðildarfélögum HSH er heimilt að stofna fagrað um viðkomandi íþrótt. Fagraðin skulu vera ráðgjafandi er varðar íþróttagreinina. Stjórn HSH skal vera heimilt að kalla til einstaka ráð í ákveðin sérvæfni þó þar sé ekki um að ræða samþykktir héraðspings. Ráðin hafa ekki ákvörðunarrétt í meiriháttar málum og geta ekki tekið á sig fjárhagslegar skuldbindingar.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL I: FJÁRHAGSÁÆTLUN HSH 2024



HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS- OG HNAPPADALSSÝSLU

Stofnað 1922

Áætlun fyrir árið 2024	Áætlun fyrir árið 2023	Rauntölur fyrir árið 2023
Rekstrartekjur:	Rekstrartekjur:	Rekstrartekjur:
Lottó 10.500.000	Lottó 12.500.000	Lottó 13.659.849
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 600.000	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 500.000	Útbreiðslustyrkur ÍSÍ 676.000
Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000	Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000	Styrkur Héraðsnefndar 1.500.000
Styrkur vegna íþróttastarfs 800.000	Styrkur vegna íþróttastarfs 400.000	Styrkur vegna íþróttastarfs 500.000
Getraunir 900.000	Getraunir 500.000	Getraunir 889.734
Aðrar tekjur 800.000	Aðrar tekjur 300.000	Aðrar tekjur 3.617.042
15.100.000	15.700.000	20.842.625
Rekstrargjöld:	Rekstrargjöld:	Rekstrargjöld:
Laun og launatengd gjöld 7.200.000	Laun og launatengd gjöld 5.000.000	Laun og launatengd gjöld 7.133.160
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 1.300.000	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 2.300.000	Skrifstofu og stjórnunarkostnaður 1.948.451
Lottó til aðildafélaga 5.000.000	Lottó til aðildafélaga 7.400.000	Lottó til aðildafélaga 7.317.102
Unglingalandsmót 400.000	Unglingalandsmót 800.000	Unglingalandsmót 324.950
kostnaður vegna íþróttastarfs 1.000.000	kostnaður vegna íþróttastarfs 900.000	kostnaður vegna íþróttastarfs 2.021.103
Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 300.000	Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 300.000	Áætlaðir styrkir til íþróttastarfs 390.860
15.200.000	16.700.000	19.135.626